

Ríkisstjórnarþátttaka hefur aldrei brunnitð eins heitt á okkur kvennalistakonum sem nú:

# Afgreiða þarf ágreining um ESB fyrir kosningar

„Það er of snemmt að setja ófrávikjanleg skilyrði um aðild Kvennalistans að ríkisstjórn eftir næstu kosningar, en það er sterkur vilji fyrir því að láta nú á það reyna til fulls hvort við látum ekki til okkar taka í landsstjórninni. Það er rangt sem oft er haldið fram, að við höfum hingað til skorast undan því að axla slíka ábyrgð. Við gerðum það til að mynda alls ekki eftir síðustu kosningar. Það reyndi bara alls ekki á það hvort við gætum átt aðild að ríkisstjórn þar sem Alþýðuflokkur og Sjálfstæðisflokkur voru búni: að mynda stjórn strax að loknum kosningum, enda var auðvitað búið að semja um hana fyrir kosningar,“ segir Kristín Ástgeirsdóttir alþingismaður en þau ummæli hennar í blaðgrein nú í vikunni að kvennalistakonur séu ákveðnar í að sækjast fast eftir setu í næstu ríkisstjórn hafa vakið athygli og gefa tilfæri til ymissa spurninga.

Um þessa helgi er haldinn svokallaður samráðsfundur Samtaka um kvennalista í Borgarfirði. Samráð Kvennalistans er skipað þingmönnum og varaþingmönnum, auk tveggja fulltrúa úr hverju kjördæmi. Alls er þetta um þrjátú manna hópur sem kemur reglulega saman, fjórum til sex sinnum á ári, en þetta er sú eining innan þessara stjórnmalasamtaka sem mest áhrif hefur á stefnu þeirra og starfsemi. Ákvörðun um skipun samráðsins var tekin á landsfundi Kvennalistans í fyrra en landsfundur er haldinn árlega og er æðsta vald í málefnum Kvennalistans. Rétt til setu á landsfundi eiga skráðir félagar sem nú eru hátt á annað þúsund. Fundir Samráðs eru opnir skráðum félögum í Kvennalistinum þótt ekki hafi aðrir atkvæðisrétt þar en þeir sem skipa Samráðið.

„Hvernig hefur starfsemi Samráðsins gefist?“

„Ég tel að þegar sé komið í ljós að stofnun Samráðs hafi verið skynsamleg ráðstöfun. Með því hefur komist fastara form á starfsemi okkar og það hefur í för með sér aukin öryggi fyrir okkur sem erum kjörnar til opinberra trúnaðarstarfa og berum ábyrgð gagnvart kjósendum. Á fundinum nú um helgina á að leggja línur varðandi kosningabaráttuna sem fer í hönd, auk þess sem frambodsmálin verða rædd.“

„Hvað um aðild að ríkisstjórn eftir kosningar?“

„Það er reyndar ekkert nýtt að við viljum komast í stjórn, en ég held að sjaldan hafi þetta brunnitð á okkur kvennalistakonum sem nú. Hér hjakkar allt í sama farinu án þess að nokkurt tillit sé tekið til þeirra sjónarmiða sem við höfum lagt áherslu á með þátttöku okkar í stjórnarmálum, og við þetta verður einfaldlega ekki unad lengur.“

„Hvað áttu þá einkum við?“

„Stóru málin. Þessi sem oft eru kölluð „mjúku málin“, það er auðvitað ekki annað en bót-



fyndni því að þessi svokölluðu mjúku mál eru einmitt hördustu málin, þ.e. þau sem snúa að fólkinu sjálfu og skipta það mestu máli. Okkur kvennalistakonum er mætavel ljóst að hagar fyrirtekja í landinu skiptir máli. Heilbrigður rekstur og viðunandi afkoma er undirstaða þess að afkoma einstaklinganna sé viðunandi. Hins vegar höldum við því blákalt fram að allt of mikil áhersla sé lögð á rekstur stórra fyrirtekja á kostnað smáfyrirtækja. Samt liggja áreiðanlegar tölur fyrir um það að vaxtarbroddur atvinnulífsins er einmitt í smáfyrirtækjum, ekki síður hér á landi en annars staðar. Á meðan dælt er milljórbúni á áhættusaman rekstur, milljarðar sem síðan þarf að afskrifa eftir í áein ár þegar í ljós kemur að reksturinn hefur misheppnast eins og mörg dæmi sanna, er nánast útilokað að fá lán til að koma á fót smáfyrirtækjum, eins og einhver sextíu milljóna króna „Jöhönnusjóður“ í félagsmálaráðuneytinu er kannski skýrasta dæmið um. Við teljum mjög brýnt að söðla hér algjörlega um, þannig að þeir fjármunir ríkisins sem fara til eftlingar í atvinnulífinu renni í auknum mæli til smáfyrirtækja, og svo það valdi ekki misskilningi, er vert að taka fram að við erum ekki að einskorda okkur við smáfyrirtæki á vegum kvenna, þó svo að þær þurfi sérstakan stuðning, m.a. vegna þess að atvinnuleysi er mest í þeirra röðum. Í tengslum við þetta eru svo aðgerðir til að vinna bug á atvinnuleysi. Við

teljum að ekki verði undan því vikist að greina orsakir atvinnuleysis. Það hefur ekki verið gert, en fyrsta skrefið til að tryggja fulla atvinnu er að greina orsakir þess atvinnuleysis sem á fáum árum er orðið ból hjá fjölda fólks.“

## Tíminn spyr ..

Kristínu Ástgeirsdóttur, þingkonu Kvennalistans.

„Tekjuskipting landsmanna er annað mál sem við setjum á oddinn. Því óþolandi ranglæti sem þar viðgengur verður að linna. Það gengur einfaldlega ekki lengur að fullvinnandi fólk geti ekki komist samleiga af og séð fyrir sér og sínum, í þjóðfélagi þar sem dæmi eru um einstaklinga sem hafa í mánaðarlaun tvöföld árslaun þeirra sem minnst fá greitt fyrir vinnu sína. Við erum ekki að tala um launahækkunir til að standa undir einhverju sem flokka má undir gerviparfir, heldur þokkaleg laun sem nægja til þess að tryggja efnahagslegt öryggi einstaklinganna.“

„Og hvernig ætlið þið kvennalistakonur að fara að því að breyta tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu?“

„Við getum ekki breytt henni en við getum beitt okkur fyrir pólitískum ráðstöfunum sem munu leiða af sér breytingar á henni. Sú raunhæfa ráðstöfun sem virðist aðgengileg í þessu efni er uppstokkur á launakerfi

opinberra starfsmanna. Þróunin að undanfögnu hefur verið sú að munur á launum karla og kvenna í þjónustu hins opinbera er að aukast. Um þetta eru til óvefengjanlegar hagtölur. Uppstokkun á launakerfi ríkisins er óframkvæmanleg með öðru móti en því að fram fari starfsmat. Það fer þannig fram að öll störf eru metin upp á nýtt, alveg frá grunni. Þetta hefur verið gert í nokkrum löndum sem ég hef dæmi um og þetta starf hefur borið árangur. Þau dæmi sem ég þekki eru frá Svíþjóð, Bandaríkjunum og Kanada. Sú uppstokkun á opinbera launakerfinu sem við kvennalistakonur gerum kröfu um mun svo óhjákvæmlega hafa áhrif annars staðar í atvinnulífinu.“

„Þessu til viðbótar leggjum við megináherslu á uppstokkun í ríkisfjármálum en þar verður ekki undan því vikist að taka upp ný vinnubrögð. Þeir sem fara með fjármál ríkisins standa þannig að verki að varanlegur árangur mun seint nást með þessu áframhaldi. Við viljum stöðugleika og aðhaldssemi í ríkisrekstrinum og fjármálum ríkisins. Þeim markmiðum er ekki ekki hægt að ná nema með því að marka stefnu til langs tíma og fylgja henni eftir. Dæmi um þetta eru heilbrigðismálin sem eru ofarlega á baugi þessa dagana. Við viljum fara þá leið til að spara í heilbrigðisþjónustu að efla heilsvörnd, að gera sem sé fyrirbyggjandi ráðstafanir í stað þess að leggja ofuráherslu á það sem við getum kallað við-

gerðarþjónustu. Meginlinurnar eru og hafa verið þannig að einungis er lítið til eins árs í senn. Árangurinn ber því líka ljóst vitni að það er sífellt verið að redda einhverjum fjárlögum fyrir horn, í stað þess að leggja línur þannig og standa að ríkisrekstrinum með þeim hætti að hægt sé að gera áætlanir fram í tímann og lifa síðan í samræmi við það. Auk þessara stefnumála má nefna að setning bráðabirgðalaga er nokkuð sem við kvennalistakonur viljum afnema, eða því sem næst. Auðvitað verður ekki hjá því komist að þar gildi neyðarréttur, þ.e. að ríkisstjórn geti sett bráðabirgðalög ef nauðsyn ber til. Nauðsyn er auðvitað teygjanlegt hugtak og því litum við svo á að setja þurfi mjög ströng skilyrði fyrir slíku.“

„Ykkur hefur orðið tíðrætt um síðferði í stjórnarmálum. Hvernig teljið þið unnt að bæta það?“

„Pólitísk spilling er alvarlegt vandamál og við gerum okkur ekki í hugarlund að hana megi uppræta með lagasetningu og stjórnvaldsadgerðum, nema þá að einhverju leyti. Það alvarlega í íslenskum stjórnarmálum er að þau ganga ekki út á annan en að komast í ríkisstjórn og valda-stöður, með öðrum orðum framapot. Hugsjónirnar vantar, og einlægán vilja til að vinna þjóðinni gagn.“

„Hjá öðrum flokkum en Kvennalistanum?“

„Það segi ég ekki. Auðvitað eru til í öllum flokkum einstaklingar sem líta á t.d. þingmennsku sem þjónustustarf en ekki tækifæri til að skara eld að sinni eigin löku, en það má vera að slíkir einstaklingar séu fleiri í þingflokki Kvennalistans en hinum flokkunum. Pólitískar stöðuveitingar, ekki síst að undanfögnu, eru skýrasta dæmið um þessa spillingu. Það er hægt að setja reglur sem tryggja að fagmennska sitji í fyrirrúmi varðandi stöðuveitingar og þá leið viljum við fara.“

„Hver er afstada Kvennalistans til aðildar að ESB?“

„Um það mál eru skiptar skoðanir innan Kvennalistans og það er mál sem við þurfum að fara yfir á ný í ljósi þeirrar þróunar sem orðin er. Sjálfri finnst mér aðild ekki koma til greina. Til þess liggja ýmsar ástæður og þar eru hagsmunir Íslendinga í fiskveiðimálum alls ekki eina at-ríðið. Það er uppbygging ESB og sjónarmiðin sem liggja á bak við þá stofnun sem mér hugnast ekki, en áður en Kvennalistinn hefur fjallað nánar um hugsanlega aðild að ESB er þó ekki ástæða til að fjölyrða um það. Málefnaleg og upplýsandi um-ræða um tengsl Íslands og Evrópusambandsins verður að eiga sér stað í þjóðfélaginu og í gegnum hana þurfum við kvennalistakonur að fara eins og aðrir því að auðvitað mun kosningabaráttan sem í hönd fer snúast mjög um það hvort Íslendingar eigi að sækja um aðild að ESB. Þjóðin þarf að gera það upp við sig hvort hún á þar heima.“